

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/40/EB

frá 8. júní 1998

um aðlögun að tækni framförum á tilskipun ráðsins 74/346/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi baksýnispeglar á landbúnaðardráttarvélum á hjólum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun 74/346/EBE frá 25. júní 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi baksýnispeglar á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB ⁽²⁾, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilliti til sífellt flóknari verka sem eru unnin með dráttarvélum er rétt að hyggja að baksýnispeglum sem eru notaðir til að fylgjast með tækjum en ekki notaðir við akstur á vegum.

Í því skyni að auka öryggi er rétt að setja nákvæmlega fram þau skilyrði sem gera ökumönnum kleift að stilla baksýnispeglar. Því er rétt að breyta tilskipun 74/346/EBE í samræmi við það.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækni framförum sem var komið á fót með tilskipun ráðsins 74/150/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðaukanum við tilskipun 74/346/EBE:

1. Eftirfarandi málslíður bætist við lið 1.1: „Viðbótar- og baksýnispeglar, sem eru hannaðir til þess að fylgjast með tækjum þegar unnið er á landi utan vega, þurfa ekki nauðsynlega að hafa gerðarviðurkenningu íhluta en skulu vera staðsettir í samræmi við kröfur um staðsetningu sem um getur í liðum 2.3.3 til 2.3.5.“

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 191, 15. 7. 1974, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 277, 10. 10. 1997, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

2. Eftirfarandi komi í stað fyrsta málslíðar í lið 2.4.2:

„Ökumaður skal geta stillt ytri baksýnispegil án þess að fara úr ökumannssætinu.“

2. gr.

1. Frá 1. maí 1999 er aðildarríkjum óheimilt:

— að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða

— að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,

ef þær uppfylla kröfur tilskipunar 74/346/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. október 1999 mega aðildarríkin:

— ekki lengur gefa út skjalið sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 74/346/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun,

— synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 74/346/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsluþyriræmi til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. júní 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.
